

LÖG ÍSLANDSDEILDAR LÍFSPEKIFÉLAGSINS

1. gr.

Íslandsdeidin er óaðskiljanlegur hluti heildarsamtaka Lífspekifélagsins (The Theosophical Society), stofnað í New York, Bandaríkjunum, 17. nóvember 1875, og viðurkennt sem lögaðili í Chennai, Indlandi, 3. apríl 1905, sem hefur aðalstöðvar sínar í Adyar, Chennai, Indlandi. Deildin hefur vald til að setja eigin lög sem mega þó aldrei vera ósamþýðanleg lögum Lífspekifélagsins. Allar breytingar á lögum verður að leggja undir forsetann til samþykkis, sbr. grein 37 í lögum Lífspekifélagsins, og skulu taka gildi ef ekki hefur verið neitað um samþykki innan níu mánaða frá viðurkenningu á móttöku. Lög Lífspekifélagsins skulu gilda um hvert það málefni sem lög Íslandsdeildarinnar taka ekki til. Íslandsdeildin lýtur allsherjarlögsögn Lífspekifélagsins, en deildinni lúta aftur allar stúkur og deildarfélagar á Íslandi, nema öðruvísi kunnir að verða fyrir mælt af forseta Lífspekifélagsins.

2. gr.

Tilgangur félagsins er sá, að kynna stefnuskrá Lífspekifélagsins.

Stefnuskrá félagsins felur eftirfarandi atriði í sér:

1. Að móta kjarna úr allsherjar bræðralagi mannkynsins, án tillits til kynstofna, trúarskoðana, kynferðis, stétta eða hörundslitar.
2. Að hvetja menn til að leggja stund á samanburð trúarbragða, heimspeki og náttúruvísindi.
3. Að rannsaka óskilin náttúrulögmál og öfl þau, er leynast með mönnum.

FÉLAGAR

3. gr.

Öllum er heimil innganga í félagið, svo framarlega að þeir hafi undirritað umsókn þar að lútandi á umsóknareyðublað félagsins. Þeir þurfa að hafa náð lögaldri. Meðlimir, sem eigi leita upptöku í ákveðna stúku, eru nefndir deildarfélagar og skulu hafa meðmæli deildarforsetans (the General Secretary's).

4. gr.

Þeir, sem æskja að gerast deildarfélagar, snúi sér til deildarforsetans (the General Secretary) þar að lútandi, en hinir til formanns þeirrar stúku, sem þeir æskja upptöku í.

Ef félagi er vísað úr deildinni hefur hann rétt á að áfrýja þeirri ákvörðun til forseta Lífspekifélagsins.

5. gr.

Nýir félagar eru skráðir á félagaskrá deildarinnar og fá um leið upptökuskírteini frá deildarforsetanum (the General Secretary).

6. gr.

Vilji menn ganga úr félaginu, skulu þeir senda deildarforseta (the General Secretary) eða hlutaðeigandi stúkuformanni skriflega úrsögn ásamt upptökuskírteini sínu.

STÚKUR

7. gr.

Félagsmönnum er heimilt að stofna stúkur sín á meðal til þess að efla samvinnu og bræðralag, og öðlast þær lögheimild og viðurkenningu innan félagsins jafnskjótt og þær hafa fengið stofnskrá sína frá deildarforsetanum (the General Secretary).

8. gr.

Stofnskrá nýrrar stúku er því aðeins látin í té, að 7 félagar að minnsta kosti beiðist þess. Eigi má leggja niður stúku án samþykkis deildar-stjórnarinnar meðan einhver félagsmanna vill halda henni við líði, enda þótt eigi sé nema einn einasti maður. Sé stúku lögð niður eða rofin, renna eignir hennar til félagsdeildar. Verði stúku lögð niður hefur hún rétt á að áfrýja þeirri ákvörðun til forseta Lífspekifélagsins.

9. gr.

Stúkurnar ráða sjálfar lögum sínum, að því tilskildu, að engin ákvæði þeirra fari í bága við allsherjarlög félagsins né þessi lög, enda séu þau staðfest af deildarforsetanum (the General Secretary) áður en þau nái að ganga í gildi.

10. gr.

Innan loka aprílmánaðar skal sérhver stúkuformaður senda deildarforsetanum (the General Secretary) skýrslu um starfsemi stúkunnar á undangengnu ári, að meðtöldum aprílmánuði, ásamt skrá um alla féлага stúkunnar og heimilisfang þeirra.

STJÓRN OG STARFSMENN O.FL.

11. gr.

Stjórn deildarinnar gegnir störfum, sem nánar segir fyrir um í lögum þessum, og annast fjárhag hennar.

12. gr.

Stjórnina skipa 5 menn: Deildarforseti (a General Secretary) og fjórir meðstjórnendur.

Deildarforseti er forseti félagsstjórnarinnar, og skal hann kosinn til eins árs í senn.

Meðstjórnendur eru: varaforseti, féhirðir, ritari og meðstjórnandi, og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn, þannig, að tveir þeirra ganga úr stjórninni á ári hverju, í fyrsta sinn eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri, og skal á aðalfundi ár hvert kjósa menn í þeirra stað, er úr ganga. Stjórnin skiptir síðan með sér störfum að loknum aðalfundi ár hvert.

Auk þess skal á aðalfundi hverjum kjósa þrjá varamenn í stjórn.

Tillögur um stjórnarmenn skulu hafa borist deildarforseta 14 dögum fyrir aðalfund, ella skal vísa þeim frá og koma þær ekki til atkvæða. Forseti og aðrir stjórnarmeðlimir (Committee members), skulu hafa greitt félagsgjald í minnst 1 ár strax á undan kosningu þeirra.

13. gr.

Tefjist einhver stjórnenda um langt skeið frá stjórnarstörfum eða verði sæti autt í stjórninni einhverra hluta vegna, þá kemur sá varamaður í hans stað, sem kosinn hefur verið með mestum atkvæðafjölda.

14. gr.

Stúkum utan Reykjavíkur er hverri um sig heimilt að hafa umboðsmann í Reykjavík, er taki með deildarstjórninni þátt í úrlausn áriðandi félagsmála, er þurfa þykir.

15. gr.

Deildarforsetinn (the General Secretary) boðar stjórnarfundi, og eru þeir lögmætir, ef þrír menn úr stjórninni koma á fundinn, en annars ekki.

16. gr.

Krefjist tveir menn úr stjórninni þess, að álits allra stjórnarmanna og stúkuformanna sé leitað um eitthvert sérstakt mál, þá er stjórninni skylt að verða við þeirri ósk.

17. gr.

Deildarforsetinn (the General Secretary) er meðalgöngumaður á milli yfirstjórnar félagsins erlendis og Íslandsdeildarinnar, og gætir hann þess, að lögum félagsins og stúknanna sé hlýtt í öllum greinum. Upptökuskírteini nýrra félaga og stofnskrár nýrra stúkna innan deildarinnar, skulu undirritaðar af forseta félagsins og meðundirritaðar af deildarforsetanum (the General Secretary). Sem forseti deildarinnar fer hann með framkvæmdarvald í öllum málum deildarinnar og ber ábyrgð á stjórnarrekstrinum og skjalavörslu deildarinnar.

18. gr.

Varaforsetinn kemur í stað deildarforsetans (the General Secretary's) ef hann bagast eða fellur frá.

19. gr.

Féhirðir annast reikningshald og fjármál deildarinnar og ber ábyrgð á fjárvörslunni.

20. gr.

Ef þurfa þykir, skipar stjórnin sérstakar nefndir til að annast útgáfu rita, opinber fundarhöld, útbreiðslustarfsemi o.þ.h., og segir fyrir um störf þeirra.

FJÁRMÁL

21. gr.

Sérhver félagsmaður greiði árgjald til deildarinnar og skal það innt af hendi fyrir árslok ár hvert. Aðalfundur ákveður upphæð árgjalds. Af þessu greiðir deildin lögboðin gjöld til félagsþarfa erlendis. En með því að líkur eru til, að skyldugjald þetta hrökkvi skammt til allra þarfa deildarinnar, er þess vænst að þeir félagsmenn, sem með nokkru móti sjá sér fært, leggi af fúsum og frjálsum vilja aukreitis skerf til deildarinnar eftir efnunum og ástæðum. Stúkurnar annast innheimtu og skil á gjöldum félagsmanna sinna, sé það ekki gert af deildinni, bæði skyldugjöldum og sjálfboðnum framlögum, en deildarfélagar greiði gjöld sín beint í deildarsjóð.

Stjórninni er heimilt að leysa einstaka félaga sína undan lögboðnum skyldugjöldum að einhverju eða öllu leyti, ef henni þykir ástæða til.

22. gr.

Fyrir stofnskrá nýrrar stúku greiðist sem svarar einu árgjaldi.

23. gr.

Tekjum deildarinnar skal varið til útbreiðslu og reksturs deildarinnar.

24. gr.

Reikningar deildarinnar skulu árlega endurskoðaðir af tveimur mönnum.

25. gr.

Reikningsár deildarinnar er miðað við 31. desember. Skal féhirðir jafnan ganga frá reikningum sínum þegar eftir áramótin, og stjórnin skal láta þá koma í hendur endurskoðenda fyrir 1. mars ásamt með öllum skjölum þar að lútandi. Að lokinni rannsókn skulu endurskoðendur láta uppi álit sitt og athugasemdir skriflega og senda stjórninni eigi síðar en 1. apríl. Deildarforsetinn (the General Secretary) annast síðan um, að það sé sent öllum stúkum á landinu.

ADALFUNDUR

26. gr.

Á ári hverju skal fundur haldinn til að ræða málefni félagsins og deildarinnar, og er stjórninni skylt að boða til hans með nægum fyrirvara. Aðalfundur ákveður jafnan í fundarlök, hvar næsti aðalfundur skuli haldinn.

27. gr.

Deildarforseti (the General Secretary) setur fundinn, eða í fjarvist hans sá maður, er stjórnin hefur til þess kjörið, og lætur hann síðan nafnakall fram fara til þess að grennslast eftir, hvort allir kjörnir fulltrúar stúknanna séu viðstaddir. Að því búnu er kjörinn fundarstjóri og fundarskrifari, og er það gert með almennri atkvæðagreiðslu.

28. gr.

Deildarforseti (the General Secretary) skýrir því næst frá störfum deildarinnar á umliðnu ári og birtir ársreikninginn og athugasemdir endurskoðenda.

29. gr.

Aðalfundur kys þá menn í stjórnina og varamenn, er um ræðir í 12. gr. og ræður afl atkvæða

úrslitum.

30. gr.

Aðalfundur kýs sömuleiðis tvo endurskoðendur og einn til vara.

31. gr.

Kosningar þær, er um ræðir í 29. gr. skulu fara fram skriflega, og taka þeir menn, sem kosningu hljóta, við stjórnarstörfum að loknum aðalfundi. Heimilt er að endurkjósa menn í stjórnina. Séu eigi tilnefndir fleiri en kjósa ber, teljast þeir réttkjörnir án atkvæðagreiðslu.

32. gr.

Atkvæðagreiðslur um félagsmál fara opinberlega fram, nema krafist sé hins gagnstæða, og ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum. Séu atkvæði jöfn, ræður fundarstjóri úrslitum. Ef atkvæði standa jöfn við kosningar, ræður hlutkesti.

33. gr.

Tillögur þær, sem ætlast er til að ræddar verði á aðalfundi deildarinnar, skulu verða komnar til stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir fundarbyrjun. Breytingartillögur við þær má gera á sjálfum aðalfundinum.

34. gr.

Allir félagar deildarinnar hafa málfrelsi á aðalfundinum, en um atkvæðisrétt gildir sem hér segir:

Sérhver stúka hefur rétt til að velja sér fulltrúa, einn eða fleiri, meðal stúkumeðlima, til að fara með umboð sitt á fundinum, en þó mega fulltrúar hvernar stúku eigi vera fleiri en svo, að nemi einum manni fyrir hverja 20 meðlimi eða brot úr þeirri tölu. Þessir fulltrúar hafa fimm - 5 - atkvæði hver um sig. Aðrir meðlimir stúkna, er senda fulltrúa á fundinn, hafa eigi atkvæðisrétt á aðalfundinum.

Deildarfélagar og meðlimir stúkna, sem eigi senda fulltrúa með umboði sínu á fundinn, hafa hver um sig eitt - 1 - atkvæði á fundinum.

Félagi sem hefur greitt félagsgjald í a.m.k. eitt ár samfelld frá þeim degi sem hann er tekinn inn í félagið, og að kosningadegi, skal hafa kosningarétt, nema fallið hafi verið frá þessu samkvæmt reglu 29.(e) í lögum Lífspekifélagsins.

35. gr.

Deildin getur einnig á milli funda látið vilja sinn í ljós með almennri atkvæðagreiðslu innanfélags, ef stjórninni virðist sérstök þörf á að hraða máli, er fyrir liggur. Skal deildarforseti (the General Secretary) annast um, að sérhverjum félagsmanni sé sendur atkvæðaseðill, og ræður afl greiddra atkvæða úrslitum.

RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA VIÐ SLIT FÉLAGSINS

36. gr.

Ákveði Lífspekifélagið að afskráningu sem lífsskoðunarfélag en halda áfram hefðbundinni starfsemi haldast eigur félagsins í félaginu.

37. gr.

Komi til slita félagsins renna eigur þess til heildarsamtaka Lífspekifélagsins (The Theosophical Society), stofnað í New York, Bandaríkjunum, 17. nóvember 1875, og viðurkennt sem lögaðili í Chennai, Indlandi, 3. apríl 1905, sem hefur aðalstöðvar sínar í Adyar, Chennai, Indlandi, séu þau enn starfandi eða til arftaka þeirra. En ella til sambærilegra samtaka eða líknarmála .

LAGABREYTINGAR

38. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi deildarinnar, ef lögmætar tillögur koma fram þar að lútandi – sbr. 33. gr. - en þó því aðeins að tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða samþykki breytinguna.

39. gr.

Lagabreytingar öðlast ekki gildi, fyrr en forseti Lífspekifélagsins hefur samþykkt þær.